



## Bréfa- og málasafn 1947-1948

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Bréf - Guðjón Samúelsson - Guðmundur Grímsson - John Foster Dulles - Einar Eiríksson - Helgi Bergsson - Verslunarráð Íslands - Pétur Benediktsson - Sverrir Júlíusson - Sveinn Benediktsson - Jón Axel Pétursson - Um lántökugjald – 1947 – 1948

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-11, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# HÚSAMEISTARI RÍKISINS

Reykjavík, 7. des. 1948

Háttvirtur utanríkisráðherra.

Þar sem embætti mitt sem húsameistari ríkisins, erveg hefi gengt í um 27. ár, heyrir undir yðar ráðuneyti, og þar sem jeg þykist hafa nokkra reynslu um störf teiknistofunnar, leifi jeg mjer virðingarfyllst að benda yður á þann mann er eg tel heppilegastann sem eftirmann minn, í þessa ábyrgðarmiklu stöðu,


Bendi jeg á, að jeg tel að húsameistari Bárður H. Isleifsson sé langheppilegasta manninn. Hann hefur unnið hjer á teiknistofunni í fjölda ára og er því verkinu kunnur, og hefur reynst mjög vel í stöðu sinni.

Það er von min háttvirtu ráðherra, að þjer skip þennan mann í stöðuna, sem húsameistara ríkisins.

Jeg bið hr. alþm. Jónas Jónsson að afhenda yður þetta brje aðmjer látnum.

Virðingarfyllst.

Háttvirtu ráðherra



Bjarni Benediktsson.

State of North Dakota

DISTRICT COURT  
SECOND JUDICIAL DISTRICT

Chambers of  
Gudmundur Grimson, Judge  
Rugby, N. Dak.

February 11, 1947

Honorable Bjarni Benediktsson  
Minister of Foreign Affairs and of Justice  
Reykjavik, Iceland.


Dear Sir:

You may not remember me, but I have followed your splendid career and read many of your speeches. Then I have heard much of you from my nephew, Steingrimur Jonsson, Rafmagnsstjórinn.

I was glad to see you a member of the new Coalition Government of Iceland, which speaks well for the future.

With best wishes, I am,

Respectfully yours,



G. Grimson

GG-MJH

JOHN FOSTER DULLES  
48 WALL STREET  
NEW YORK


August 12, 1947

My dear Mr. Minister:

I recently stocked up with Iceland trout and shrimp for use in my camp. I thought of you and our pleasant evening together when I was en route from Moscow with Secretary Marshall.

With kind regards, I am

Sincerely yours,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'John F. Dulles', with a long horizontal flourish extending to the right.

His Excellency  
Mr. Bjarni Benediktsson,  
Minister of Foreign Affairs,  
Reykjavik, Iceland.

og er annar af tveim, sem Nýbyggingarráð mun ætla að festa kaup á. Útgerðarráðið lagði einróma til, að boði Nýbyggingarráðs yrði svarað á þá leið, að bærinn færi fram á frest til þess að svara þessu boði til 31. jan. n. k. því að þá lægi væntanlega ljósara fyrir hvernig stæði með lánveitingar og markaðshorfur. Einnig væri það galli á tilboðinu, að verð skipsins breyttist skv. kaupgjaldi og verði á efni í Englandi, sem ómögulegt væri að gera sér grein fyrir svo langt fram í tímann. Tillaga útgerðarráðs var samþ. í bæjarstjórn, en nú hefur Nýbyggingarrað sent kröfu um endanlegt svar fyrir mánudagskvöld 25. þ. m.

5) Ef kaupendum þætti það aðgengilegra gæti lýsið í hverri ferð hjá togurunum fylgt með og verið samkomulagsatriði hvort það skyldi kaldhreinsað hér eða úti. Lýsið í hverri ferð myndi nema hjá gömlu togurunum ca. 10 tonnnum og hjá þeim nýju ca. 18 tonnnum hjá hverjum. Þetta gæti orðið til að greiða fyrir sölu en er ekki nauðsynlegt okkar vegna.

Með bestu kveðjum

*Bjarni Benediktsson* *Jón Axel Petrusson*

gefa nokkra bendingu um hve mikils útflutnings má vænta á ísfiski á hverjum tíma.

Við sjáum ekki fram á annað, en að stöðvun á fiskiskipaflotanum, a.m.k. hjá togurunum, sé skamt undan, ef ekki tekst fyrir atbeina ykkar að fá kaupendur að fiskinum, sem biðu fyrir hann viðunandi verð.

Með bestu kveðjum til þín konu þinnar og Finns Jónssonar og konu hans.

Svein Benediktsson      Jón Óxel Petrusson

P.S.

- 1) Við nánari athugun teljum við að gera megí ráð fyrir, ef samílegt fískerí verður í vetur, að aflinn verði mún meiri en meðfylgjandi útflutningsskýrslur um ísfisksútflutning á tveim síðustu vertíðum sýna, vegna þess að flestir hinna stærri báta, sem best hafa í flotann, munu stunda togveiðar, en ekki ~~notu~~ línu.
- 2) Ráðgert er að skipshöfnin á Ingólfi Árnarsyni fari utan um mánaða - móttin og skipið komi heim um miðjan desember og fari þá fljótlega á veiðar eða strax og bræðslutækjum hefur verið komið fyrir í það.
- 3) Synir Ólafs Jóhannessonar hafa nýlega keypt vandaðann þýskann togara í Bretlandi er hann 660 smálestir brutto , en nýju togararnir munu vera um 600 br. lestir.
- 4) Nýbyggingarráð hefur nýlega boðið Rvkba einn togara smíðaðann hjá Alexander Hall í Aberdeen með sama grunnverði og á þeim togurum, sem þegar hafa verið keyptir og á hann að afhendast í júní- sept. 1948

Verte

14.okt.1948:

Kvittun fyrir kr. 6250.- "2 o/o af lánsupphæð-  
inni".

....."lántökugjald".....

"Lántökugjaldið er ákveðið með vitund fjármála-  
ráðherra".

30.nóv.1948:

Kvittun fyrir 1000.00 kr. (líka 2%, tekið fram).

....."lántökugjald" .....

"Lántökugjaldið er ákveðið með vitund fjármála-  
ráðherra."

Báðar kvittanirnar eru allar skrifaðar eiginhendi. Embætti viðtakanda er hvergi nefnd, hvorki í texta nje með undirskrift. Ekki er heldur "haus" stofnunarinnar á blöðunum.

Önnur þessara kvittana er skrifuð á venjulegt reikningseyðublað<sup>v)</sup>, og hefur ekki fyllilega venjulegt kvittunarform. Hin er skrifuð á áttungsblað úr mjög venjulegum, þunnum pappír, þversum, og er stíluð algerlega eins og prívatkvittun gerist.

Báðar enda þannig: Lántökugjaldið er ákveðið með vitund fjármálaráðherra. (En þar á eftir mun þó standa á annari kvittast fyrir móttökunni<sup>v)</sup>, eða hjerumbil þau orð).

Vitanlegt er og viðurkent af forráðamönnum <sup>byggingarfjelagsins</sup> ~~sjónsins~~, að samskonar kvittanir eru í skjölum hans fyrir 14.000.00 kr. alls. - Öll sú upphæð hefur verið endurgreidd.

*\*Inn þess reikningsformit sje notað.*



# VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

PÓSTHÓLF 514  
SÍMAR: 3694 OG 4098

REYKJAVÍK, 18. nóvember 1948.

HB/SW.

Verzlunarráð Íslands leyfir sér hér með að staðfesta samtalið það, er nefnd frá því átti við ráðherra Sjálfstæðisflokksins mánudaginn þ. 15. þ.m., viðvirkjandi:

1. Vöruskiptaverzlun (kompensation) almennt.
2. Gærusölu til Finnlands á vöruskiptagrundvelli.

Í höfuðatriðum er Verzlunarráðið andvígt vöruskipta-  
verzlun og telur, að hún feli í sér svo augljósa ágalla, að  
ekki eigi að viðhafa hana, nema aðrar leiðir lokist. Án þess  
þó að gera þá galla að frekari umræðuefni hér, vill Verzlunar-  
ráðið ekki láta hjá líða að benda á að mjög hávarar raddir hafa  
heyrzt um það, að vörur þær, er fluttar hafa verið inn í vöru-  
skiptum, hafi að gæðum til, í mörgum tilfellum, reynst langt  
fyrir neðan það sem almennt þekkist hér á landi, og verðlag  
þeirra hefur því verið mjög óhagstætt miðað við betri vörur.  
Telur Verzlunarráðið, að Fjárhagsráði muni vera kunnugt um hið  
sanna að því er þetta atriði snertir.

Þar sem málavöxtum kann hinsvegar í einstökum til-  
fellum að vera þann veg háttað, að nauðsyn beri til að koma á  
og leyfa vöruskipti, m.a. til þess að koma í verð lítt seljan-  
legum vörum utan við viðskiptasamninga, þá er það ósk Verzlunar-  
ráðsins, að settar verði ákveðnar grundvallar reglur um slík  
viðskipti og miði þær að því, að viðskiptunum sé haldið í þeim  
farvegi, er þau annars eru í, að svo miklu leyti sem mögulegt er  
á hverjum tíma.

Er Verzlunarráðið að sjálfsögðu reiðubúið til þess að  
senda mann eða menn til viðræðna við mann eða menn frá því opin-  
bera um setningu slíkra reglna og framkvæmd þeirra.

Þá leggur Verzlunarráðið mjög ríka áherzlu á það, að  
allar umsóknir um kompensation, er berast frá félögum og einstak-  
lingum, verði í framtíðinni sendar Verzlunarráðinu til umsagnar,  
og telur það, að með því ætti að vera tryggð sú athugun í sam-  
bandi við vörugæði, vöruverð o.fl., sem telja verður nauðsynlega,  
þegar um slík viðskipti er að ræða.

Í sambandi við vöruskiptaverzlun þá, er átt hefur sér  
stað við Finnland síðan 1. júlí 1948 með gærum gegn ýmsum finnskum  
vörum, þá óskar Verzlunarráðið að benda sérstaklega á, að samkvæmt



núverandi viðskiptasamningi Þjóðanna var beinlínis gert ráð fyrir því, að Finnar keyptu á yfirstandandi ári gærum af Íslendingum eftir venjulegum verzlunarleiðum. Nú mun framkvæmd málsins hinsvegar hafa orðið sú, að gærusala okkar til þessa lands hafi öll farið fram á vöruskiptagrundvelli að miklu leyti gegn kaupum á þeim útflutningsvörum Finna, er samningar gera ráð fyrir, að vér kaupum þaðan. Fellst í þessu, að dómi verzlunarráðsins, sú hættu, að lítið verði á það af Finna hálfu sem viðurkenningu Íslendinga á áframhaldandi kompensations-sölu á þessari vörutegund, og mundi það sennilega hafa þau áhrif að gera oss ókleift að fá þessa vörutegund tekna á lista í framtíðar viðskiptasamningum Þjóðanna, þar sem það hefði hinsvegar verið æskilegt að geta aukið gærukvótann all verulega frá því sem nú er. En fari þetta mál á þann veg, er til lítils gagns, að verið sé að berjast fyrir auknum kvóta á þeim afurðum Íslendinga, sem erfitt er að selja, og fyrir heilbrigðum verzlunarháttum milli landanna.

Um afstöðu Verzlunarráðsins til umsóknar Sambands ísl. samvinnufélaga um að mega flytja til Finnlands 200 smálestir af gærum í compensation til viðbótar því magni, er leyft hefur verið compensation á eftir gildistöku finnsk-Íslenska viðskiptasamningsins þ. l. júlí þ.á., þá leyfir Verzlunarráðið sér hér með að vísa til þess, er það hefur getið um hér að framan.

Verði samt sem áður horfið að því ráði að leyfa sölu á þessum 200 smálestum af gærum til Finnlands í compensation, þá væntir Verzlunarráðið þess, að yður heppnist að tryggja framkvæmdina á þann hátt, er fellst í tillögu vorri um reglur í sambandi við slíkar sölur, en tillögu þessa afhentum vér yður s.l. mánudag, og fylgir hún hér með í afriti þessu erindi voru.

Með sérstakri virðingu

Verzlunarráð Íslands  
*Borgarskjallasafn*

Til ráðherra Sjálfstæðisflokksins  
hr. utanríkisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.  
-----

Fylgiskjal

Ríkisstjórnin samþykkir að veita Sambandi ísl. samvinnu-  
félaga heimild til útflutnings á 200 smálestum af söltuðum kinda-  
gærum til Finnlands fyrir uppgefið verð ( pr. kg. fob./cif.),  
er notað verði til kaupa á finskum vörum samkvæmt eftirfarandi  
reglum:

Kaupandi gæranna opni Rembourse í finskum banka.  
Sís og Verzlunarráð Íslands komi sér saman um, hvaða vörur  
skuli kaupa fyrir upphæðina, enda komi samþykki Fjárhags-  
ráðs til.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir finsku vörunum gefur  
Viðskiptanefndin út til þeirra aðila, sem innflutninginn  
eiga að fá, en þeir greiða leyfisupphæðirnar til Landsbanka  
Íslands, sem opnar Rembourse fyrir vörunum í þeim banka,  
þar sem gæru-remboursinn hefur verið opnaður.

Leyfishafar annast innkaupin og innflutninginn samkv. venju.  
Leyfin verði merkt á sérstakan hátt og finska bankanum til-  
kynnt, að gæru-remboursinn eigi að notast til greiðslu á  
finsku vörunum samkvæmt þessum leyfum.

Sé það talið nauðsynlegt, má yfirfæra leyfin á hendur fárra  
aðila í hverjum vöruflokki, fyrir milligöngu V. Í.

Reykjavík, 15. desember 1948.

Út af umræðum er fram fóru nýlega, milli yðar háttvirtur ráðherra, hr. Sigurðar Egilssonar, formanns Viðskiptanefndar og mín, varðandi leyfisveitingu til Sigurðar Egilssonar og hr. stórkaupm. Egils Guttormssonar, vil ég tjá yður eftirfarandi:

Ég hefi athugað heildarleyfisveitingar árin 1945 til 1948 í þeim liðum 13 flokks er sérstaklega var rætt um, þ.e. 3. lið skrifpappír, 4. lið verzlunarbækur og bréfabindi, 9. lið heftarar, stimplar og önnur ritföng, 10. lið aðrar pappírsvörur, 11. lið skjalaskápar og peningaskápar.

Leyfisveitingar í ofanefndum liðum eru sem hér segir:

Þar af framlengd.

1945	kr. 4.924.796,-	
1946	" 6.499.156,-	
1947	" 2.592.501,-	kr. 1.286.834,-
1/1. - 30/11. 1948	" 1.700.651,-	kr. 321.826,-

Árin 1945 og 1946 eru framlengd leyfi meðtalin í heildarupphæðunum, en það er erfitt að sjá af skýrslum er liggja hér fyrir, hve mikill hluti þeirra eru framlengd leyfi.

Ég hefi sundurliðun á milli hinna einstöku liða ef það álitist rétt, að athuga þetta nánar. En skýrsluform gjaldeyrisnefndarinnar hefur á þessum árum tekið nokkrum breytingum, og þess vegna gefur t.d. 13. flokkur 3. lið, ekki sömu upplýsingar, frá ári til árs. En eftir því er ég best fæ séð, eru allar leyfisveitingar í þeim flokkum, er taldir voru hér að framan, innifaldir í ofanrituðum upphæðum.

Þá hefi ég athugað leyfisveitingar til þeirra Egils og Sigurðar í 13. flokki, árin 1945 til 1948, og eru þær eins og hér fer á eftir, árin 1946 til 1948, eingöngu talin ný leyfi, en 1945 eru framlengd leyfi með-talin.

	<u>1945</u>	<u>1946</u>	<u>1947</u>	<u>1948</u>
Egill Guttormsson:	354.650,-	413.697,-	67.154,-	236.029,-
Sigurður Egilsson:	46.000,-	4.783,-	20.610,-	9.500,-

Ég sé ástæðu til þess, að taka það fram að leyfis-veitingar til Egils Guttormssonar í umræddum vörutegundum, voru frá 1. ágúst til 31. des. 1947, eða eftir að núverandi Viðskiptanefnd tók til starfa <sup>þess</sup> kr. 62.273.53, en heildar-leyfisveitingar þetta tímabil, námukr. 679.016,- í áminstum líðum.

Ég vil að síðustu tjá yður að ég mun senda hr. Agli Guttormssyni afrit af bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

*Þorvaldur Guðnason*

Hr. utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.  
-----

Höfn í Harrafirði 7 júní 1948  
— Herru starríkes Ráðherra  
Bjarna Benediktsson  
Kövi Ylenar

Jeg gat aldrei nátt tala af þessu þó  
meg langaði til þess.

Því þú þar er veita að stöðu og parti  
mátt um veit þess að tala.

Til domis legg þú þar beinfrá áleudan  
sala ríkessins, svo þú getur sjátt hveit  
í þess skammtir þessir dómur eru þess  
sem þessir komu þess veit.

Jeg veit um ein þó tomme í allt, og þú þú þess  
sem þess þess stómt að þess í övækt  
nú veit þú þess þess að að þess þess  
t ekki þess þess að straffa svo dómur  
þess þess getur komu að þess þess  
að þess á leudinn og svo er þess þess  
efir þess að þess á þess þess að þess  
geti ekki þess þess stóttis mönnum  
svo er þess þess í ratta leisi með þess  
revolun þess get að eins þess þess  
1 þess er þess þess að láta smíta  
þess svo þess þess stótt að þess geti

ekki þort neitt út því arnar.  
Þendikt minn minn sendir þess þess  
með þú natúr sem sína þús á kalum og  
samente og þann óskan eftir því að það  
verði aðráðað hvort stunda sala sjú lögleg  
ann að er ekki vert að geta min neitt  
veit þetta.

því nú er ég í þann vegg að þú ert  
kóla þann frá Þinglandi.  
jag setti allt á annan endann í kampfjeldum  
þegar ég til þínu þeim að ég irdi  
að þú hánada þessu til af gærstu  
á stjörnu, en þeir eltu að þanna  
mín þá, en ég spurði þá hvort þeir  
þínu þá, og svo þegar til þann þá  
leiftu þeir þá, enda hefti að  
þessu veis, og síðan um kvælet heitti  
jag sagt þá ekki að let þá kalen, sta  
þá þann vert þess  
þá flög veis er að þann. þú vera þú  
seigir þeim í veit skifta nemd að láta  
með þá gjald. þú þess nú svo lítil  
um daginn þú þeim með þess þess þess  
einlogum

Einar Einarsson

LÉGATION D'ISLANDE

Paris, 23. apríl 1948.

Kæri bróðir,

Þessar fáu línur aðeins  
he þess að óska þér he hamingju  
með ferðsáfnuninni eftir viku.

Við Matz sendum þér bók Trotskys  
um Stalín sem ómerkilega afmáls-  
gjöf. Ef þú átt hana nú þegar  
skaltu láta okkur vita. Við finnum  
þú eitthvað annað.

Einu sinni baðstu mig að  
reyna að finna handa þér bók  
Brogan's um Frakkland. Hefir  
þú fengið hana síðan? Ef ekki,

get og náð í hana mína og sent  
þér. Þú letur mig vita.

Ég er að biða eftir símtali  
við þig og þér þú ekki að segja al-  
mennum fíndi.

Þér er miklu betra að vera  
mí en þegar við komum hér í  
líti fyrra.

þetta bestu kveðin til  
ykkar allra

þinn bróðir  
P.



Paris, 10. október 1948

Kæri bróðir,

Síðan eg kom hingað í vor, hefi eg verið negldur niður við ERP-starfsemina, lítið getað sinnt öðrum störfum á sendiráðinu, alls ekki annexiunum, og verið alveg dauðdrepinn í þessu, því að fundasókn og skýrslugerð við O-E-E-C er miklu meira en eins manns verk, jafnvel þótt góðir menn séu sendir honum til aðstoðar að heiman annað veifið. Ef eg á að gegna mínum störfum, verð eg að losna úr þessum daglega þrældómi við O-E-E-C. Þið akkreditertið mig í einu landi eftir annað, en eg hefi ekki einu sinni tíma til þess að fara og afhenda útnefningarskjölin. Þetta á við bæði um Ítalíu og Portúgal, og það er verið að tala um Holland og Spán, og fyrir ævalöngu minnir mig, að þið hafið verið þúnir að spyrja hvort Svisslendingar vildu ekki taka við mér. Ef maður á að annast svona stórt umdæmi, er lífsnauðsyn að vera ekki alveg klafabundinn á einum stað manudum og árum saman. Eg hefi ekkert á móti því að vera fulltrúi ykkar í O-E-E-C, en eg verð að sleppa undan talsverðu af því sem kalla má hina beinu líkamlegu vinnu í því sambandi. Að mínum dómi er alveg ómissandi að hafa fastan mann altaf hér í París við stofnunina, sem ekki er ætlað annað starf, auk þess sem senda þarf sérstaka fulltrúa, þegar mikið er um að vera, eins og t.d. núna.

Þú segir eðlilega, að það sé lítil vandi að heimta mann í þetta, en meiri vandi að finna manninn. Um þetta atriði hafði eg ætlað að tala við þig, ef þú kemir hingað, eins og eg átti um hríð von á. Svo er mál með vexti, að Hinrik Björnsson (Sveinsson) var hér á ferð í sumar, og bar náttúrlega margt á góma. M.a. kom í ljós, að hann er orðinn svo stað-uppgefinn á sinni núverandi vist, að hann er mjög alvarlega að hugsa um að hætta hreinlega í utanríkisþjónustunni. Segir einnig, að launakjör séu ekki nægilega góð til þess að bera kostnað af Óslóverunni, en vegna launa húsbóndans sé óhugsandi að hans eigin laun verði hækkuð meira en þegar er orðið. Eg hygg, að honum hafi verið alvara í þessu máli. - Talið barst að því, hvort hann myndi vilja taka að sér Marshall-þrælkunina hér. Hann var dálítið hikandi, vegna barnanna fyrst og fremst, en síðan hefi eg heyrt frá honum aftur, og kveðst hann nú vera tilbúinn til þessa, þvát fyrir ýms vankvæði. Eg hefi náttúrlega ekki á neinn hátt bundið þínar hendur í þessu máli, og hefi einmitt tekið það mjög skýrt fram við H., að e.t.v. strandaði öll þessi ráðagerð á því, að þú, eða ráðuneytið, mætti ekki missa hann frá Ósló. Því atriði svarar hann með því að segja, að þaðan hljóti hann

hvort sem er að fara innan tiltölulega skamms tíma.

Nú vil eg nefna kosti á því að fá Hinrik hingað: Hann kemur vel fyrir og er mjög geðþekkur maður. Dugnað hans þekki eg ekki af eigin reynd, en eg myndi halda, að hann væri í þeirra hópi hjá okkur, sem líklegir eru til þess að verða nýtilegir menn í utanríkisþjónustunni. Starfsemi við Marshall-hjálpinu treysti eg honum vel til þess að halda í horfinu, undir minni yfirumsjá og með hjálp þeirra manna, sem að þessu starfa heima og væntanlega halda áfram að koma hingað á fundi öðru hvoru. - Ef álit mitt á kostum Hinriks er rétt, þá hefir hann hinsvegar einn galla, sem nokkuð er kostandi upp á að fá bett úr - og á hann þar raunar sammerkt við mikinn hluta af starfsmönnum ráðuneytisins - : hann er lélegur í frönsku. Þetta þarf ekki að koma að sök í O-E-E-C, en eg er sannfærður um, að hann myndi nota tækifærið, ef hann kæmist hingað, til þess að læra málið. Ef hann verður samilega slarkfær í því, er hann orðinn ráðuneytinu miklu "nothæfari" maður. Þetta kunnáttuleysi í frönsku er einmitt atriði, sem ráðuneytið getur ekki látið liggja á milli hluta.

Ekki má eg leynd þig því, sem þykir verr fara í þessu sambandi, og það er það, að í bréfi til mín heldur H. áfram að tala um að fara. Talar um að vera hér í svo sem eitt ár, og láta það vera sinn svanasöng í utanríkisþjónustunni. Eg hefi nú ekki skrifað honum um þetta atriði enn, en frá ráðuneytisins sjónarmiði finnst mér slíkir skilmálar ekki vera aðgengilegir: að flytja hann hingað í eitt ár, kenna honum frönsku og láta hann síðan segja Farvel Frands. Náttúrulega er ekki hægt að banna mönnum að segja af sér, þegar þeir eru búnir að fá meira en nóg, en hitt er þó dálítið annað, hvort þeir mega búast við að fá svona stöðu í eitt ár, ef það er beinlínis með það í huga að fara á eftir. Ef þér finnst hugmynd mín að öðru leyti koma til mála, þá ættir þú, áður en nokkuð er afraðið, að fara þessa hlið málsins í tal við H.

Eg hefi þetta ekki lengra að sinni. Mér þetti vant um, ef þú gætir fengið stund til þess að hugsa um þetta, og þá kannske ráðgast um það við Agnar eða aðra. Ef ykkur finnst ómögulegt að senda mér Hinrik, gætuð þið kannske komið með einhverja aðra tillögu í málinu - en sendiði mér helst engan, án þess að bera nafnið undir mig fyrirfram.

Bestu kveðjur til allra heima

Þinn bróðir

Pétur

LÉGATION D'ISLANDE

24, AVENUE D'EYLAU - 16<sup>e</sup>

TÉL. : KLÉBER 01-23

ADR. TÉLÉGR. : ISLEGATION

PARIS 26. ágúst, 1948.

Kæri bróðir,

Ég geri ekki ráð fyrir að ykkur hafi komið til hugar að tilnefna mig í íslensku nefndina á þingi Sameinuðu Þjóðanna. Hafi það hinsvegar komið til mála, bið ég þig þess lengstra orða að forða mér frá þáttöku í þeirri nefnd. Þetta er ekki hæverzka heldur er ástæðan sú, að OEEC og venjulegu sendiráðs-störfun munu áreiðanlega gefa mér fullkomið dagsverk meðan þing Sameinuðu Þjóðanna stendur yfir.

Bestu kveðjur.

*Þinn gaur* P.

Hr. utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.

Reykjavík, 2. desember 1948.

Kæri bróðir,

Ég óska þér innilega til hamingju með afmælið og vona að ég geti á eftir fundið einhverja ekki alltof ómerkilega bók til að senda þér.

Eftir að ég fékk bréf þitt í október fékk ég bréf frá Henrik Sveinssyni í Oslo, þar sem hann baðst lausnar frá starfi sínu, eða þó öllu heldur fór fram á tveggja ára frí, með það fyrir augum að hann hyrfi úr starfinu. Gerði hann mér nokkra grein fyrir þessu. Átti ég síðan tal við föður hans um málið og varð afleiðing þessa sú, að ég skrifaði Henrik og bauð honum allgóða kosti ef hann vildi vera áfram í þjónustunni, þar á meðal að hann færi þegar í stað til Parísar og gerðist aðstoðarmaður þinn þar. Henrik sé sér þó ekki fært að taka boði mínu og ritaði mér ítarlega greinargerð af hverju það væri; komu þar bæði til persónulegar ástæður og fjárhagur. Átti ég þá enn tal við föður hans og varð þá að samkomulagi, að hann skyldi setja sig í samband við Henrik, en árangur þess kom fram í gær þegar forsetinn kallaði mig fyrir sig og sagði, að ákvörðun Henriks væri óbreytanleg að svo stöddu.

Allt hefur þetta farið fram með mestu vinsemi og skil ég raunar ástæður Henriks, þó að mér byki leitt að missa hann úr þjónustunni. Úr því sem komið er, er þó ekki annað að gera en taka því, þ.e.a.s. á þann veg, að ég mun veita honum hið umbeðna frí. Í framhaldi af umræðum okkar um Henrik lét forsetinn uppi þá hugmynd, að Vilh. Finsen væri sendur til Parísar í Henriks stað. Ég skýrði honum frá því, að ég hefði verið að vinna að því að Vilhjálmur yrði sendur sem konsúll til Þýskalands í sambandi við áframhaldandi skipti okkar við það land; væri verið að vinna (~~á þeirri hugmynd~~) fyrir því á meðal útgerðarmanna hér, að Finsen yrði valinn til þess starfs. Forsetinn lét mikið yfir dugnaði Finsens og taldi hann einmitt vera rétta manninn sem þú byrfti á að halda og varð úr, að ég lofaði að bera það undir þig. Inn á mér efaðist ég mjög um - og efast enn um - að Finsen passi til slíkra starfa, sem þú þarft á manni að halda til. Á sama veg sýndist Ólafi Thors þegar ég sagði honum frá samtalinu, en sjálf-sagt er í þessu að lúta þínum óskum og ef þú kynnir að vilja fá Finsen, er lafhagt að koma því í kring. Ef þú villt hann ekki þyrftir þú að segja til á hverjum þú helst hefur augastað til þessara starfa, en þó er þess að gata að nú þegar Henrik fer

dr þjónustunná verður okkur mjög manna vant og því erfitt að fá mann til hvers þess starfs sem á þarf að halda í það og það sinnið.

Óskir þínar og athuganir um þetta efni vildi ég heyra sem allra fyrst og ef til vill væri rétt, að þú sendir mér skeyti þegar þú hefur íhugað bréfið, svo að ég geti haft það til athugunar, bæði varðandi ráðstöfun á Finsen og eftirmanni Henriks í Oslo, en slík ráðstöfun má ekki dragast.

Þá hefi ég nú komið aðalerindinu að og lát þetta duga í bili, því önnur störf kalla að. Mér og fjölskyldunni í heild líður samilega að því ég hygg. Kristín, móðursystir okkar, hefur verið veik nú um nærri ársbil en er þó á batavegi að því er mér skilst, að minsta kosti farin að staulast um og hress í viðtali. Aftur á móti horfi illa með heilsu Fjölu frænku okkar. Hún mun vera með ólæknandi meinsemd er smásamæn dragur af henni. Öðrum held ég sem sagt að líði skaplega. Sjálfur er ég með hyski mitt nýfluttur í Blönduhlíð 35 og hefi fengið þar góða og stóra íbúð og hófum við verið að koma okkur þar fyrir undanfarna daga.

Óska ég svo þér og þínum hins besta